

Aukafundur

Miðvikudaginn 28. mars 2007 kom hreppsnefnd Langesbyggðar saman til fundar í fundarstofu Langesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn. Fundur hófst kl. 12:00

Mætt voru: Þórir Jónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Axel Gunnarsson, Árni Davíð Haraldsson, Jóhanna Helgadóttir og Víðir Hermannsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Þórir Jónsson 1. varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir að bæta á dagskára lið nr. 2 “Sjávarútvegsráðuneytið, auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta”. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1 Mál. Þriggja ára fjárhagsáætlun. Seinni umræða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu forsendum og niðurstöðum. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Sjávarútvegsráðuneytið. Auglýsing til sveitarstjórnar um úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjóri bar upp þá tillög að byggðaráði ásamt sveitarstjóra verði falið að sækja um byggðakvóta fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn. Umsóknin skuli unnin í samræmi við þá forskrift er fram kemur í auglýsingu Sjávarútvegsráðuneytinu, dags. 22.03.2007. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:29.

Björn Ingimarsson, ritari.